


Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík.



23.05.2012

Endurnýjun starfsleyfis Fiskmjölsverksmiðju HB Granda hf Akranesi.

Undirritaður f.h. HB Granda hf óskar hér með eftir að starfsleyfi fiskmjölsverksmiðju félagsins að Hafnarbraut 2-4 á Akranesi verði endurnýjað. Vinnslu og tækjabúnaður verksmiðjunnar er nánast óbreyttur frá áður útgefnu starfsleyfi. Þeir hlutir í vinnslurás sem hafa verið endurnýjaðir eru með sömu afköst og búnaður sem skipt var út.

Við útgáfu nýs starfsleyfis þarf að hafa í huga að rekstraraðili er HB Grandi hf., kt. 541185-0389, Norðurgarði 1, 101 Reykjavík.

HB Grandi hf vill jafnframt óska eftir að alls staðar þar sem orðið „fiskúrgangur“ kemur fram í eldra starfsleyfi verði notað orðalagið „hráefni til mjöl og lýsisvinnslu“ eða annað sambærilegt þar sem verksmiðjan tekur á móti bæði heilum fiski og afskurði úr fiski sem að hluta hefur verið unnin til manneldis. Fiskmjölsverksmiðjan framleiðir hágæða mjöl og lýsi til fóðurframleiðslu.

Við óskum eftir að eftirtalin atriði í gildandi starfsleyfi verði endurskoðuð:

4.2 b liður: Rekstraraðili óskar eftir að fá að mæla BOD í stað COD kjósi hann svo og geti jafnframt skilað útreiknuðu COD gildi inn til eftirlitsaðila samhliða mældu gildi.

7.1 Lekavarnarþró: Þetta ákvæði falli út enda sett til bráðabirgða á sínum tíma og hefur verið uppfyllt.

Rekstraraðili óskar eftir frekari upplýsingum frá Umhverfisstofnun nái þessi umsókn ekki fram að ganga.

F.h. HB Granda hf.,

**Almar Sigurjónsson**

Rekstrarstjóri fiskmjölsverksmiðja,

S. 858-1147

[almar@hbgrandi.is](mailto:almar@hbgrandi.is)

HB Grandi  
Norðurgarður  
101 Reykjavík

Sími 550 1000  
Fax 550 1005  
[www.hbgrandi.is](http://www.hbgrandi.is)

HB Grandi  
Norðurgarður  
IS-101 Reykjavík  
Iceland  
Tel. +354 550 1000  
Fax +354 550 1005  
[www.hbgrandi.is](http://www.hbgrandi.is)